

Nd.

213. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 52 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Lög nr. 52 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, skulu gilda til ársloka 1936.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd eftir áskorunum sjómanna í Reykjavík og víðar, og lætur nefndin áskorun sjómanna í Reykjavík fylgja hér með.

Fylgiskjal.

Þar eð undanþágan frá dragnótalögum, sem gerð var á fyrra þingi 1933, er útrunnin í árslok 1934, og því óheimilt að veiða með dragnót í landhelgi eftir ársbyrjun 1935, þá finnum við, sem höfum stundað dragnótaveiðar undanfarin ár, brýna nauðsyn bera til, að undanþágan verði framlengd fyrir eftirkomandi tíma.

Eru til þess þær ástæður, að allir trillubátar hér frá Reykjavík, sömuleiðis allir þilbátar minni en 16 smálestir, og nokkrir stærri, hafa eingöngu notað dragnót frá maímánuði og svo lengi fram á haust, er tíð hefir leyft, 6—8 síðustu árin, með þeim árangri, að mannskapur þessara báta hefir haft sæmilega, stundum ágæta atvinnu af þessum veiðum og bátarnir unnið fyrir daglegum rekstri, og sumir haft frekari hagnað af þessum en öðrum veiðum á undanförunum árum.

Héðan frá Reykjavík munu vera nær 20 bátar, sem stunduðu þessar veiðar nú í sumar. Flestir þessir bátar mundu annars liggja aðgerðalausir, of litlir til sildveiða, of dýrir til annara veiða þann tíma, sem lítið aflast en langt að sækja. Á hverjum bát munu vera að jafnaði 4 menn; það eru því 70—80 menn, sem hafa haft atvinnu við þessar veiðar — aðeins frá Reykjavík —, en enga atvinnu ella. Þarna eru því atvinnubætur fyrir fjölda manns.

Nú er nýlega útgefin reglugerð um að senda verðmætasta fiskinn á útlendan markað. Ekkert veiðarfæri veiðir verðmætasta fiskinn (rauðsprettuna) eins vel og dragnótin. Í dragnót aflast líka oft vel af þorski og ýsu, og ekki sjáum við, hvaðan Reykjavíkurbæ hefði komið nýr og góður fiskur daglega undanfarin sumur, ef dragnót hefði verið bönnuð í landhelgi, en í dragnót kemur enginn fiskur svo smár, að hann sé ekki nothæfur, og ekki smærri en kemur á lóð, þ. e. **hún drepur ekki ungvíði.**

Reynsla okkar af dragnótinni er í stuttu máli þessi: aflar vel, ódýr í notkun, og að því er bezt verður séð, skaðlaus fyrir aðrar veiðar.

Verði dragnótaveiðar bannaðar í landhelgi, er allstór atvinnuvegur lagður í rústir og allir áður nefndir bátar útilokaðir frá að bjarga sér á nokkurn hátt, þar eð svo hagar til hér, að engan fisk er að fá á neitt annað veiðarfæri um sumartímann, því eins og flestir vita, eru sumarmið Faxaflóa undirlögð af togurum, útlendum og innlendum, og öll bátamið fyrir utan landhelgislinu, og því gereyðilögð fyrir bátunum, enda enginn svo grunnhygginn að leggja lóð eða net þar, sem þó mætti vonast eftir afla; togarar tæta það óðara sundur og okkar dýru veiðarfæri horfin fyrir fullt og allt. Dæmin eru deginum ljósari.

Andstæðingar dragnótarinnar hér við flóann eru Garðmenn, og hefir Guðmundur í Gerðum haft orð fyrir þeim, en þeir hafa enga útgerð — fremur en aðrir hér á Suðurlandi — yfir sumarið, fyrr en þeir leggja þorskanet í ágústmánuði, og þá úti á hrauni fyrir utan dragnótasvæðið. Þeir hafa haft hin beztu fiskiár, síðan farið var að nota dragnót í Garðsjó. Andstaða þeirra er því varla skiljanleg.

Hafnamenn fengu líka lögverndaðan Hafnaleir á sínum tíma allt árið. Nú á síðari árum nota þeir sjálfir dragnót, og vitum við ekki til, að þeir láti nú á sér bæra, enda hefir fiskur gengið grynnt og verið með mesta móti vetrarvertíðir síðustu ára á því svæði.

Þar sem telja má upplýst, bæði af áliti fiskifræðinga, athugunum okkar dragnótamanna og staðreyndum um fiskafla á dragnótasvæðunum, að dragnótin er ekki skaðleg, og að hátar þessir geta ekkert gert sér til gagns með öðru en því að nota dragnót, sem verður þó að vera í landhelgi, þá leyfum við okkur að vona, að háttvirt Alþingi liti með samgirni á okkar mál.

Þess vegna skorum við undirritaðir bátaeigendur og formenn á háttvirt Alþingi að gera ráðstafanir til, að leyft verði að veiða með dragnót í landhelgi eftir sömu reglum og tvö undanfarin sumur.

Reykjavík, 12. okt. 1934.

Virðingarfyllst.

Magnús Þórarinsson, m/b Dagný. Einar Sigurðsson, m/b Vikingur. Sigurður Í. Hannesson, m/b Bára. Amilius Jónsson, m/b Svan. Ögmundur Jósefsson, m/b Erlingur. Jón Þórarinsson, m/b Jökull. Guðm. Sigurðsson, m/b Þór. Guðm. Ingvársson, m/b Hafsteinn. Haraldur Jónsson, m/b Haraldur. Haraldur Jónsson, m/b Aldan. Guðmundur Guðjónsson, m/b Ásta. Pétur E. Þórðarson, m/b Fálki. Stefán Ólafsson, m/b Óðinn og Marz. Bjarni Andrésson, m/b Dagsbrún. Jón Þorbjörnsson, m/b Guðbjörg. Jón Eyjólfsson, m/b Aðalbjörg (opið skip). Eyjólfur Eyjólfsson, m/b Sigrún. Haraldur Jónsson, m/b Björgvin. Albert Þorvarðarson, m/b Baldur.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík.